

GJALDSKRÁ

fyrir vatnsveitu á vegum Hvalfjarðarsveitar.

1. gr.

Vatnsgjald.

Vatnsgjald samanstendur af fastagjaldi á hverja matseiningu og breytilegu gjaldi á hvern fermetra miðað við hverja matseiningu samkvæmt fasteignamati.

	Fast (kr./matseiningu)	Breytilegt (kr./fermetra)
Vatnsgjald	4.639 kr.	180 kr.

Vatnsgjald þetta er miðað við byggingarvísitölu 23. desember 2010 og uppfæriskvæmt breytingum á byggingarvísitölu í desember ár hvert, fyrst í desember 2011 og skal gilda þannig næsta ár. Vatnsgjald innheimtist með fasteignagjöldum. Vatnsgjald skal aldrei fara yfir 0,5% af fasteignamati viðkomandi eignar.

Bílskúrar og sambærilegt húsnæði er undanþegið fastagjaldi. Heimilt er að fella niður fastagjald af húsnæði sem ekki er tengt vatnsveitu. Ekki er innheimt vatnsgjald af húsnæði utan dreifikerfis vatnsveitu sem sveitarfélagið rekur, enda sinnir þá sveitarfélagið ekki viðhaldi og viðgerðum þar. Notanda utan núverandi dreifikerfis er heimilt að óska eftir að fá að greiða vatnsgjald gegn því að sveitarfélagið yfirtaki þá viðhald og viðgerðir á viðkomandi vatnsveitu hvað hann varðar.

2. gr.

Notkunargjald.

Í fyrirtækjum og annars staðar þar sem vatn er notað til annars en venjulegra heimilisþarfa, vegna atvinnu sem í þeim er rekin, eða af öðrum ástæðum, skal auk vatnsgjalds greiða sérstakt gjald, notkunargjald. Notkunargjaldið skal notandi að greiða samkvæmt notkun mældri í rúmmetrum. Vatnsveitan leggur notanda til mæli, sem skal vera í eigu vatnsveitunnar, en notandi skal sjá um aðstöðu fyrir mælinn. Sé ekki hægt að koma mælingu við skal greiða í samræmi við áætlaða notkun.

Notkunargjald	24,71 kr./m ³
---------------	--------------------------

Notkunargjald þetta er miðað við byggingarvísitölu 23. desember 2010 og uppfæriskvæmt breytingum á henni á þriggja mánaða fresti. Notkunargjald innheimtist á tveggja mánaða fresti.

3. gr.

Gjald fyrir mæla.

Þar sem sala vatns fer fram samkvæmt mældri notkun skal greiða leigu fyrir mæli.

<i>Stærð mælis</i>	<i>Mælaleiga</i>
15 mm	28,80 kr./dag
20 mm	29,30 kr./dag
25 mm	37,70 kr./dag
32 mm	42,32 kr./dag
40 mm	50,91 kr./dag
50 mm	62,26 kr./dag
80 mm	162,92 kr./dag
100 mm og stærri	171,20 kr./dag

Mælaleiga þessi miðast við byggingarvísitölu 23. desember 2010 og uppfæriskvæmt breytingum á henni á þriggja mánaða fresti. Mælaleiga innheimtist á tveggja mánaða fresti með notkunargjaldi.

4. gr.

Heimæðagjöld.

Notendur greiða heimæðagjöld sem miðast við að ídráttarrör fyrir heimæðar hafi verið lagt á frostfríu dýpi frá tengistað vatnsveitunnar að tengistað (inntaksstað) mannvirkis og að lega og frágangur ídráttarrörsins hafi verið tekinn út og samþykktur af vatnsveitunni.

<i>Þvermál inntaks</i>	<i>Heimæðagjald</i>
32 mm eða minna	133.558 kr.
40 mm	177.894 kr.
50 mm	255.985 kr.
63 mm	489.710 kr.
75 mm	700.620 kr.
90 mm	867.195 kr.
110 mm	1.088.405 kr.
180 mm	1.630.810 kr.
225 mm	2.083.307 kr.

Vatnsveitan miðar við að vinnu við heimlögn sé lokið innan 5 vinnudaga eftir að ósk um innlögn heimlagar berst, húsnæði uppfyllir skilyrði fyrir tengingu og gjöld hafa verið greidd.

Heimæðagjöld þessi eru miðuð við byggingarvísitölu 23. desember 2010 og uppfærast samkvæmt breytingum á byggingarvísitölu í desember ár hvert, fyrst í desember 2011 og skulu gilda þannig næsta ár.

5. gr.

Viðbótargjöld.

Heimæðagjöld miðast við að lengd heimæðar sé ekki meiri en 60 m. Reynist heimæð lengri greiðist viðbótargjald:

	<i>Viðbótargjald</i>
Heimæð lengri en 60 m	798 kr./m

Vanti ídráttarrör eða reynist ídráttarrör vera ónothæft greiðist viðbótargjald vegna skurðgraftrar:

	<i>Viðbótargjald</i>
Vantar eða ónothæft	8.699 kr./m

Reynist nauðsynlegt að fleyga eða sprengja klöpp, eða ef frost er í jörðu, greiðist viðbótargjald vegna skurðgraftrar:

	<i>Dýpi</i>	<i>Gjald</i>
Klaki/klöpp	30 sm eða minna	2.541 kr./m
Klaki/klöpp	meira en 30 sm	5.120 kr./m

Sé sótt um byggingarvatn um leið og sótt er um heimæð greiðist gjald fyrir byggingarvatnskrana:

<i>Byggingarvatn</i>	<i>Fast gjald</i>
Umsókn um leið og heimæð	11.839 kr.

Sé aðeins sótt um byggingarvatnskrana greiðist áætlaður kostnaður fyrir tengingu og aftengingu hans.

Viðbótargjöld þessi eru miðuð við byggingarvísitölu 23. desember 2010 og uppfærast samkvæmt breytingum á byggingarvísitölu í desember ár hvert, fyrst í desember 2011 og skulu gilda þannig næsta ár.

6. gr.

Gjalddagar. Ábyrgð á greiðslu gjalda.

Heimæðagjöld og gjald fyrir byggingarvatnskrana greiðist um leið og sótt er um tengingu. Notkunargjöld, mælaleiga og viðbótargjöld greiðast eftir á.

Skráður eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari. Vatnsgjald og heimæðargjald samkvæmt gjaldskrá þessari eru tryggð, ásamt vöxtum og áföllnum kostnaði, með lögveðsrétti í fasteign eiganda næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

7. gr.

Önnur atriði.

Sala á köldu vatni er undanþegin virðisaukaskatti. Gjaldskrá fyrir vatnsveitu er byggð á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 og reglugerð um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005. Gjaldskráin öðlast gildi við birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar, 9. nóvember 2010.

Laufey Jóhannsdóttir sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 10. janúar 2011